

# Stafræn ökuskírteini

Stafrænt ökuskírteini er fyrir alla sem hafa ökuréttindi og eru með snjallsíma. Skírteinið sannar að viðkomandi er með gilt ökuskírteini og á því koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnum ökuskírteinum.

Stafræn ökuskírteini eru jafngild hefðbundnum ökuskírteinum en gilda eingöngu á Íslandi. Stafrænt ökuskírteini staðfestir að viðkomandi sé með gilt ökuréttindi og á því koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnum ökuskírteinum.

## Staðfesting stafrænna ökuskírteina

Ísland.is appið inniheldur hugbúnað sem nota má til að skanna stafræn ökuskírteini til staðfestingar á réttmæti þeim upplýsingum sem koma fram á skírteininu. Hugbúnaðurinn er hluti af tæknilausn stafrænna ökuskírteina og er gefin út á grundvelli samkomulags og samvinnu á milli Ríkislögreglustjóra og Stafræns Íslands og fellur undir persónuverndarstefnu Ísland.is.

Skönnun stafræns ökuskírteinis felur í sér uppfléttingu á því hvort skírteinishafi sé með gilt ökuréttindi, nafni og kennitölu skírteinishafa í ökuskírteinagrunni Ríkislögreglustjóra til staðfestingar á réttmæti ofangreindra upplýsinga. Engar persónuupplýsingar eru geymdar á símtækjum sem notuð eru við skönnun né er unnið frekar með þær eða þeim dreift með nokkrum hætti.

## Samþykki fyrir skönnun

Með framvísun stafræns ökuskírteinis veitir skírteinishafi samþykki sitt fyrir því að réttmæti skírteinisins sé staðfest með notkun hugbúnaðarskanna sem sækir upplýsingar í ökuskírteinagrunn Ríkislögreglustjóra.

Staðfesting lögreglu og þriðja aðila á ökuréttindum einstaklinga er framkvæmd á grundvelli reglugerðar 830/2011 um ökuskírteini.

**Stafræn ökuskírteini eru gefin út af Ríkislögreglustjóra í gegnum Ísland.is á grundvelli reglugerðar nr. 830/2011 um ökuskírteini.**